

EITT hið allra nauðsynlegasta hverjum manni er það, að hann eignist sannfæringu, en ekki það, að hann verjist að sannfærast um nokkurt mál. Án þess er hætt við, að æfistarfíð verði heldur slitrótt, og það verði æði margar nýjar bætur á gömlum flíkum. Því þar sem ekki er sannfæringar vottur fyrir, þar er aldrei farsællega starfað.

Aldarhátturinn á meðal lægri stéttar manna er nú um þessar mundir sá, að happadrygst sé, að slá engu föstu, því með því geti enginn lagt á menn nokkur bönd. Af þesskonar hugmyndum er alveg fullt, og hver sögufróður maður getur fullvel skilið, hvernig á því stendur. Það eru skoðanir, er lifðu og ríktu hjá þeim, er lengst komust nú fyrir tvö hundruð árum síðan, en í hinni áframhaldandi menningarbaráttu þjóðanna hafa orðið að rýma fyrir nýrri og betri hugsjónum, unz nú er komið svo, að þær eru komnar niður til þeirra, er á lægstu tröppunum standa, eða þeir upp til þeirra, hvort sem maður heldur vill nefna það.

Þegar vissum skoðunum farnast svo, þá um leið tapa þær sínu forna gildi. Í sjálfu sér er það fullnægjandi dómur yfir þær, að þær hafa orðið að víkja, og ekki getað gagnað í framsóknarbaráttu tilverunnar. En svo er það í öðru lagi, að með því að hætta að vera leiðarstjarna hugsandi hluta mannfélagsins og falla niður í mannfélagsgrómið, afskræmast þær svo, að þótt að efninu til séu þær að nokkru leyti það sama, þá fá þær á sig annan blæ, koma fram á ný í glishjúpi og gífurmælum, og verða sem andlegar portkonur á hinum óæðri torgum heimsmenningarinnar. Það helgar því ekki þessar skoðanir, hversu þær hafa verið, né hvers þær hafa verið, afkoma þeirra sýnir, að þær eru orðnar einkis verðar nú.

Þannig sér maður, hvernig gengur til í trúarbragðaheiminum. Alt af stöðugt falla fornu hleypidómarnir dýpra og dýpra. Og nú er óhætt að fullyrða, að þeir séu flestir komnir ofan í mannfélagsgrómið.

Jafnvel uppáhalds flíkur gömlu orthodoxíunnar eru nú farnar að stássa að eins utan á svertingjakroppunum í Afríku, svo að „það hylur valla götin göt á garmskinnonum“, nema því að eins, að þeir fari að fá sér eitthvað annað til að vera í, svo eru þeir búnir að ganga nærri sér.